

- 67 Nú telur sjóðstjórnin eigi ástæðu til að ráðstafa þeim hluta ársvaxta, sem veita
24. apríl má til verðlauna og styrkja samkvæmt næstu málsgrein á undan, og getur hún þá annað hvort lagt vextina við höfuðstólinn eða geymt þá til síðari úthlutunar.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 19. febrúar 1957.

Kristinn Ármannsson. Stefanía Guðnadóttir. Jóhannes Áskelsson.
Ingibjörg Ýr Pálmadóttir. Ólafur B. Thors.

F. h. Nemendasambands Menntaskólans í Reykjavík

Árni Tryggvason.

- 68 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Sigurlaugar Björns-
24. apríl dóttur frá Kornsó, Húnavatnssýslu, útgefin á venjulegan hátt að mandatunum af dómsmálaráðherra 24. apríl 1957.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Sigurlaugar Björnsdóttur frá Kornsó.

1. gr.

Nafn sjóðsins er: Minningarsjóður Sigurlaugar Björnsdóttur.

2. gr.

Stofnendur sjóðsins eru nemendur Kvennaskólans á Blönduósi veturna 1937—1938 og 1938—1939, og er stofnfé hans gjöf frá þeim að upphæð kr. 7000.00.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja nemendur frá Kvennaskólanum á Blönduósi til framhaldsnáms í húsmæðrafræðum.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru áheit og aðrar gjafir, tekjur af hverri þeirri starfsemi, sem stofnað kann að verða til í þágu hans, vextir.

5. gr.

Allar tekjur sjóðsins skulu lagðar við höfuðstól hans, þar til hann nemur kr. 50000.00, þá má veita sem styrk helminginn af árlegum vaxtatekjum hans. Er sjóðurinn nemur kr. 100000.00, má veita sem styrk helming af árlegum tekjum hans, hverjar sem þær eru, og er hann hefur náð kr. 200000.00, má nota allar árlegar tekjur hans til styrkveitinga. Þau ár, sem ekki er veitt úr sjóðnum, leggjast allar tekjur hans við höfuðstólinn.

6. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Skal hann geymdur í tryggum verðbréfum eða á annan hátt, er fullnægi fyrirmælum laga um örugga varðveislu og ávöxtun opinberra sjóða.

7. gr.

Styrkveitingar úr sjóðnum skulu fara fram í septembermánuði og skulu umsóknir komnar fyrir 15. september í hendur sjóðstjórnarinnar. Heimilt er þó sjóðstjórn að veita styrk úr sjóðnum á öðrum tíma, ef ástæða þykir til.

68

24. apríl

8. gr.

Skólastjórn Kvennaskólans á Blönduósi sé jafnframt stjórn sjóðsins.

9. gr.

Hætti Kvennaskólinn á Blönduósi að starfa, skal sjóðurinn falinn varðveislu fræðslumálaráðuneytisins, til þess að hann verði notaður í þeim tilgangi að mennta konur í húsmæðrafræðum.

10. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn, færa inn í hana skipulagsskrána, samþykktir sjóðstjórnar, styrkveitingar og annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins. Þá skal halda sérstaka bók yfir tekjur og gjöld sjóðsins og færa í hana ársreikninga hans.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir með reikningum Kvennaskólans á Blönduósi.

11. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og skal hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð um Guðmund og Björn Guðbrandssyni, Heydalsá, og Aðalbjörn Þórðarson, Klúku, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 29. apríl 1957.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóðs um Guðmund og Björn Guðbrandssyni, Heydalsá, og Aðalbjörn Þórðarson, Klúku, sem stofnaður er 7. des. 1956 af ættingjum þeirra og vinum.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Guðmundar, Björns og Aðalbjarnar og er gefinn til minningar um þá, er fórust í sjólslysi á Húnaflóa 7. des. 1950.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 11150.00 — ellefu þúsund og eitt hundrað og fimmtíu krónum — og skal ávaxtast í Sparisjóði Kirkjubólshrepps og Fellshreppa.

3. gr.

Sjóðurinn skal vera undir stjórn Slysavarnadeildar Kirkjubólshrepps og 2 nánustu ættingja þeirra bræðra og Aðalbjarnar. Falli deildin niður skal hreppstjóri Kirkjubólshrepps taka sæti í stjórn sjóðsins.